


Alþingi
Erindi nr. P 136/797
komudagur 3.2.2009


Félagsráðgjafafélag Íslands

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 - Reykjavík

Reykjavík, 07. janúar 2009

Efni: Umsögn Félagsráðgjafafélags Íslands um frumvarp til laga um sjúkraskrár. (Pskj. 205 – 170. mál).

Félagsráðgjafafélag Íslands (FÍ) fagnar því að með frumvarpinu skýrast reglur um sjúkraskrár. Í heildina má segja að frumvarpið taki vel á flestum þeim þáttum er þörfnuðust úrbóta.

Helsti galli frumvarpsins er að réttur barna að upplýsingum í sjúkraskrá er ekki skilgreindur sérstaklega og orðið „umboðsmaður sjúklings“ er ekki skilgreint í 3. gr. þar sem helstu orð laganna eru skilgreind. Mikilvægt er að bæta úr þessu og hafa til dæmis sér kafla um börn sem sjúklinga, líkt og gert er í Lögum um réttindi sjúklinga nr. 74/1997.

Ástæða er til þess að minna á að enn er ósamræmi í lögum varðandi aldur barna. Samkvæmt löggræðislögum nr. 71/1997 verða menn lögráða 18 ára. Samkvæmt Barnalögum nr. 76/2003 lýkur framfærsluskyldu foreldra er barn verður 18 ára. Í Barnaverndarlögum nr. 80/2002 eru börn skilgreind sem einstaklingar undir 18 ára aldri. Í Lögum um réttindi sjúklinga nr. 74/1997 er eins og áður er getið sér kafla um sjúk börn en þar er miðað við að foreldrum séu veittar upplýsingar samkvæmt lögnum þar til barn verði 16 ára og að sama skapi er kveðið á að foreldrar þurfi að

samþykkja nauðsynlega meðferð barna yngri en 16 ára. Samkvæmt þessu þá á ekki að veita foreldrum barna 16-18 ára upplýsingar samkvæmt lögunum og börn 16-18 ára þurfa sjálf að veita samþykki sitt fyrir nauðsynlegri meðferð. Í lögum um réttindi sjúklinga, er þess sérstaklega getið að eftir því sem kostur er skulu sjúk börn höfð með í ráðum og alltaf ef þau eru 12 ára eða eldri. Ótækt er að misræmi sem þetta, sé í lögum og getur þetta valdið auknu álagi á börn og foreldra/forsjáraðila og jafnvel haft skaðvænleg áhif á þroska og heilbrigði barna 16-18 ára.

Félagsráðgjafafélag Íslands leggur til að í lögum um sjúkraskrá verði sér kafli um sjúklinga undir 18 ára aldri og réttindi þeirra og foreldra/forsjáraðila skýrð þar. Einnig er lagt til að aldursmörk í Lögum um réttindi sjúklinga nr. 74/1997 verði breytt og miðað við 18 ára í stað 16 ára. Að gefnu tilefni er mikilvægt að taka skýrt fram í lögum um sjúkraskrá að báðum foreldrum barns til 18 ára aldurs skuli veittar upplýsingar um heilsufar barns, meðferð og horfur, óháð forsjá.

Í ljósi þess að á Íslandi eru alls 33 heilbrigðisstéttir er eðlilegast að skilgreining á heilbrigðisþjónustu taki mið af því. Lagt er til að breyta orðalagi liða 2 og 3 undir 3. gr. um skilgreiningar

3. gr. Skilgreiningar

Liður 2 í fyrirliggjandi frumvarpi:

Heilbrigðisþjónusta: Hvers kyns heilsugæsla, lækningar, hjúkrun, almenn og sérhæfð sjúkrahúþjónusta, sjúkraflutningar, hjálpartækjaþjónusta og þjónusta heilbrigðisstarfsmanna innan og utan heilbrigðisstofnana sem veitt er í því skyni að efla heilbrigði, fyrirbyggja, greina eða meðhöndla sjúkdóma og endurhæfa sjúklinga.

Liður 2 – Breytingartillaga stjórnar FÍ:

Heilbrigðisþjónusta: Hvers kyns þjónusta heilbrigðisstarfsmanns, almenn og sérhæfð sjúkrahúþjónusta, sjúkraflutningar og hjálpartækjaþjónusta sem veitt er í því skyni að efla heilbrigði, fyrirbyggja, greina eða meðhöndla sjúkdóma og endurhæfa sjúklinga.

Liður 3 í fyrirliggjandi frumvarpi:

Meðferð: Rannsókn, aðgerð eða önnur heilbrigðisþjónusta sem læknir eða annar heilbrigðisstarfsmaður veitir til að greina, lækna, endurhæfa, hjúkra eða annast sjúkling.


Liður 3 – Breytingartillaga stjórnar FÍ:

Meðferð: Rannsókn, aðgerð eða önnur heilbrigðisþjónusta sem læknir eða annar heilbrigðisstarfsmaður veitir til að lina þjáningu.

Skýra þarf betur hvernig það er framkvæmt þegar sjúklingur óskar eftir aðgangi að eigin sjúkraskrá, hvernig á að bera sig eftir þessum upplýsingum? Við hvern á að tala, þarf að fylla út eyðublað o.s.frv. Í frumvarpinu er Umsjónaraðili sjúkraskráa læknir eða annar heilbrigðisstarfsmaður, sé lækni ekki til að dreifa, sem ábyrgðaraðili hefur falið að sjá um og hafa eftirlit með sjúkraskrárupplýsingum samkvæmt lögnum. Óljóst er hvort um er að ræða sérstakt starf sem eingöngu læknir er ráðinn í eða hvort hægt sé að biðja alla lækna. Lagt er til að sækja þufi um aðganginn rafrænt og að umsjónaraðili þurfi að veita rafrænt/skriflegt svar við beiðninni innan 3 vikna. Hugsanlega þarf að taka skýrt fram að ef sjúklingur er einnig heilbrigðisstarfsmaður gilda um hann sömu reglur um aðgengi sjúklings að upplýsingum í sjúkraskrá og aðra sjúklinga. Einnig má skýra betur í 17. gr. aðgang að sjúkraskrá vegna gæðapróunar og gæðaeftirlits, sérstaklega m.t.t. rannsókna.

Að lokum er ábending um að oft er verið að senda upplýsingar, að beiðni og með samþykki sjúklings, frá heilbrigðiskerfi til annarra kerfa, s.s. barnaverndar, félagsþjónustu, Tryggingastofnunar o.s.frv. Mikilvægt er að allt slíkt séð skráð og tryggt sé að farið sé að lögum og reglum. Fremst í pappírssjúkraskrá LSH hefur oft verið blað þar sem gert er ráð fyrir að séu gögn send til annarra stofnana hafi sjúklingur eða umsjónarmaður hans veitt skriflegt samþykki. Nokkur misbrestur hefur verið á að ganga formlega frá undirskrift sjúklings eða umsjónarmanns hans, hugsanlega þar sem flest allt er fært inn í rafræna sjúkraskrá, og þá gleymist pappírseyðublöðin, enda þau ekki til stöðluð í Sögukerfinu. Mikilvægt er að þróun Sögukerfisins sé í takt við þær kröfur sem gerðar eru á hverjum tíma í heilbrigðismálum þannig að hægt sé að nýta rafræna tækni sem best og koma í veg fyrir að tæknin verði hamlandi og skerði gæði heilbrigðisþjónustunnar.

f.h. Félagráðgjafafélags Íslands,


Sveindís A. Jóhannsdóttir, félagráðgjafi í stjórn FÍ